

**Nd.**

## **724. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Endir greinarinnar frá orðunum: „Koma ekki til álits“ orðist svo:  
Nýbýlastjórnar samkvæmt lögum um landnám o. fl.
2. Við 5. gr. Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein þannig:  
Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað miki önnur veðlán hvíla á eigninni.
3. Við 8. gr.
  - a. Á eftir orðunum „lánið er veitt til“ í 2. lið bætist: ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum.
  - b. Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein þannig:  
Ábyrgð hrepps eða sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verk-smiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.
4. Við 16. gr. Síðari málslíður falli burt.
5. Við 20. gr. Fyrir orðin „þegar gildi“ komi: gildi 1. janúar 1947.